

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 10. mars var haldinn 138. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:50 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Auróra Guðrún Friðriksdóttir, Eldey Huld Jónsdóttir, Anikó Kolcsár og Hafsteinn Númason. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björk Sætran áheyrnafulltrúi framsóknar- og flugvallarvina, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Varðandi málefni Arnarholts og til að svara ákalli íbúa á Kjalarnesi þá ætlar Hverfisráð Kjalarness að halda opinn íbúafund á komandi viku þar sem fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Útlendingastofnun, Arnarholti og íbúar á Kjalarnesi hafa vettvang til að ræða þá stöðu sem komin er upp í hverfinu, en um 30 íbúar á Kjalarnesi komu á fund hverfisráðs til að lýsa yfir áhyggjum af stöðu mála hjá hælisleitendum á Kjalarnesi. Hverfisráð Kjalarness gerði eftirfarandi bókun vegna aukins álags í sundlaug Kjalarness með tilkomu hælisleitenda:

Hverfisráð Kjalarness óskar þess að, í ljósi aðstæðna sem skapast hafa á vegna breyttrar íbúasamsetningar á Kjalarnesi, verði tafarlaust bætt við einum starfsmanni í íþróttamiðstöðinni til þess að það séu ávallt tveir starfsmenn á vakt, karlmaður og kona.

2. Kynning á skógrækt á Kjalarnesi. Baldvin Grétarsson, formaður skógræktarfélagsins kynnir tillögu um aukið landssvæði fyrir skógrækt á Kjalarnesi. Enn á eftir að skrifa undir samning um stækkað skógræktarsvæði á Kjalarnesi af hálfu Reykjavíkurborgar.
3. Umræður um opinn fund um deiliskipulag Esjumela sem haldinn var 17. febrúar síðastliðinn. Hverfisráð Kjalarness hefur, í kjölfar íbúafundar um deiliskipulag á Esjumelum sem haldinn var 17. febrúar síðastliðinn lagt fram eftirfarandi bókun varðandi svæðið:

Hverfisráðið tekur undir áhyggjur fundarmanna á íbúafundi 17. febrúar 2016 af aðkomu að svæðinu og hættuástandi sem kann að skapast í umferðinni á Vesturlandsvegi. Auk þess er umgengni á lóðum á Esjumelum óásættanleg að mati hverfisráðs og er þar mikið fok á plasti og rusli á svæðinu. Vill hverfisráðið að lóðir á svæðinu verði hreinsaðar á kostnað lóðareigenda. Jafnframt hefur ráðið áhyggjur af frárennismálum á svæðinu sem eru í ólagi og má þar nefna læk sem rennur frá svæðinu sem er mengaður ásamt vaxandi mengun í fjörunni í Kollafirði.

Hverfisráð Kjalarness kallar eftir upplýsingum og gögnum um fyrirhugaðan kláf í Esjuhlíðum.

4. Umræða var um væntanlegar auglýsingar á styrkjum hverfisráðs Kjalarness. Ákveðið var að umsóknarfrestur fyrir styrki renni út 12. apríl 2016.
5. Bréf frá skrifstofu borgarsjóra varðandi notkun fjarfundarbúnaðar á fundum ráða og nefnda lagt fram til kynningar.
6. Bréf frá skrifstofu borgarstjóra varðandi mætingar í borgarstjórn, borgarráð, fagråd og hverfisráð lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 19:00

Sigríður Pétursdóttir, formaður
Auróra Guðrún Friðriksdóttir
Hafsteinn Númason

Eldey Huld Jónsdóttir
Anikó Kolcsár